

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/714

komudagur 6.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. desember 2010

EBG/-

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja) á 139. löggjafarþingi, þskj. 214 – 197. mál.

Tilv. 2010110027

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. nóvember 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd.

Markmið frumvarpsins er að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa. Til þess að ná þessu markmiði kveður frumvarpið m.a. á um breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þannig að skattlagning á ökutæki er tengd við skráða losun á koltvísýringi (CO₂). Ætlunin er þannig að ná framangreindum markmiðum með neyslustýringu. Stjórnvöld hyggjast stýra samsetningu bílaflota Íslendinga með skattlagningu.


Í greinargerð með frumvarpinu er losun á CO₂ á Íslandi borin saman við losun í Evrópu og tekið fram að markmiðum frumvarpsins verði best náð með því að tengja skattlagningu á ökutæki almennt við skráða losun og það sé í samræmi við þróun þá sem orðið hefur hjá nágrannaþjóðum okkar. Um vegasamgöngur á Ísland gilda önnur sjónarmið en hjá nágrannaþjóðum okkar. Á Íslandi er mjög dreifð byggð og mun dreifðari heldur en t.d. á meginlandi Evrópu, afar takmarkaðar almenningssamgöngur, víða lélegt vegakerfi með lítilli þjónustu og afar risjótt veðurfar. Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu koma sérstaklega illa við bændur og aðra íbúa í dreifbýli jafnt og þéttbýli á landsbyggðinni og myndu hafa mest áhrif þar. Í dreifbýli gilda önnur sjónarmið um samgöngur en í þéttbýli og vegna framangreinds er nauðsynlegt fyrir íbúa að eiga fjórhjóladrifnar og aðrar stærri bifreiðar til þess að geta tekist á við risjótt veðurfar og slæma færð. Fjórhjóladrifnar bifreiðar eru eyðslufrekari en fram- eða afturhjóladrifnar og þannig með hærra útblástursgildi.

Með frumvarpinu er íbúum í dreifbýli gert ómögulegt, eða í það minnsta afar erfitt að kaupa bifreiðar sem eru þeim nauðsynlegar til þess að komast á milli staða. Þær breytingar sem lagðar eru til eru hins vegar gerðar á kostnað akstursöryggis og byggðasjónarmiða. Íbúar í dreifbýli þurfa oft á tíðum að sækja grunnþjónustu um langan veg og bændur þurfa vegna búreksturs síns og búsetu á öflugum og eyðslufrekum bifreiðum að halda. Nú með niðurskurði á grunnþjónustu í dreifbýli og vetrarþjónustu á þjóðvegum er enn mikilvægara en áður að bændum og öðrum íbúum í dreifbýli verði gert kleift að komast á milli staða án þess að þurfa að beygja sig undir umhverfisstefnu sem hefur óhjákvæmilega í för með sér verulega aukinn kostnað fyrir þá.

Bændasamtök Íslands fara fram á það að við meðferð frumvarpsins verði tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða og að þessar fyrirhuguðu auknu álögur verði takmarkaðar eins og kostur er. Þá leggja Bændasamtökin enn fremur til að bændum verði gert kleift að festa kaup á pallbifreiðum til búrekstrar án þess að þurfa að sæta því að falla undir umhverfisstefnu sem á ekki rétt á sér í íslenskum raunveruleika hvað varðar samgöngur í dreifbýli.

Þrátt fyrir að frumvarpið stefni að réttmætum og mikilvægum markmiðum er nauðsynlegt að annarra leiða verði leitað til þess að þeim verði náð svo komast megi hjá verulega auknum kostnaði fyrir bændur og aðrir íbúa í dreifbýli. Bændasamtökin eru reiðubúin til þess að koma til fundar við efnahags- og skattanefnd til þess að ræða framangreind sjónarmið ef þess er óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.